

Kjósarhreppur
Sigurður H. Ólafsson
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 23. september 2021
UST202109-121/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna í Kjósarhreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 13. september þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu fyrir deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna í Landi Möðruvalla 1 í Kjósarhreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið tekur til 11 ha. svæðis þar sem skilgreindar eru 10 frístundalóðir og er uppbygging hafin á sex þeirra. Auk þess kemur fram að heimilt er að byggja frístundahús og aukahús á hverri lóð þar sem hámarks byggingarmagn lóða skal miðast við nýtingarhlutfall 0.03, en má að hámarki vera 200 m².

Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá sem nefnist Laxárvogur og Laxá í Kjósarhreppi og er Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur